

Hver sá, sem brýtur gegn framangreindum fyrirmælum, skal sæta viðurlögum samkvæmt 2. gr. laga nr. 5/1969, nema þyngri viðurlög liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Utánríkisráðuneytinu, 8. júlí 1998.

Halldór Ásgrímsson.

Helgi Ágústsson.

AUGLÝSING

um ráðstafanir til að framfylgja ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1160(1998) um bann við sölu vopna og vopnabúnaðar til Sambandslýðveldisins Júgóslavíu, þ.m.t. Kósóvó, og um að fella úr gildi auglýsingu nr. 197, dags. 2. júní 1992.

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 5/1969 um framkvæmd fyrirmæla öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna hefur ríkisstjórnin ákveðið að beita ákvæðum laganna til að framfylgja ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1160(1998), dags. 31. mars 1998, um bann við sölu vopna og vopnabúnaðar til Sambandslýðveldisins Júgóslavíu, þ.m.t. Kósóvó, og setur hér með eftirfarandi fyrirmæli:

1) Íslenskum ríkisborgurum er óheimilt að selja eða útvega aðilum í Sambandslýðveldinu Júgóslavíu, þ.m.t. Kósóvó, vopn og hvers kyns vopnabúnað, þ.m.t. skotfæri, her-
vagna, tæki og varahluti fyrir vopnabúnað.

2) Óheimilt er að flytja framangreint um íslenskt yfirráðasvæði.

3) Óheimilt er að flytja framangreint með skipum eða flugvélum, sem skráð eru á Íslandi.

Hver sá, sem brýtur gegn framangreindum fyrirmælum, skal sæta viðurlögum samkvæmt 2. gr. laga nr. 5/1969, nema þyngri viðurlög liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Ennfremur hefur ríkisstjórnin ákveðið að fella úr gildi auglýsingu nr. 197, dags. 2. júní 1992, um ráðstafanir til að framfylgja ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 757(1992) um refsiaðgerðir gegn Sambandslýðveldinu Júgóslavíu (Serbíu og Svartfjallalandi).

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Utánríkisráðuneytinu, 8. júlí 1998.

Halldór Ásgrímsson.

Helgi Ágústsson.